

108

14. júní

REGLUR

um kaupgjaldshækkun fastráðinna fjölskyldumanna samkvæmt 2. gr. laga frá 4. apríl 1939, um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

1. gr.

Kaupgjald fastráðinna fjölskyldumanna, sem hafa eigi hærri laun en segir í 2. gr. þessarar reglugerðar, skal hækka á sama hátt og kaupgjald ófaglærðs verkafólks og sjómanna, eftir því sem fyrir er mælt í 2. gr. 3. málgrein laga um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

2. gr.

Aðnjótandi þessara hlunninda eru þeir fastráðnir fjölskyldumenn, sem hafa eigi hærri laun en hér segir:

- a. Í Reykjavík undir 300 kr. kaup á mánuði eða sem svarar 3600 kr. árstekjum.
- b. Í öðrum kaupstöðum og kauptúnum með yfir 300 íbúa undir 280 kr. kaup á mánuði eða sem svarar 3360 kr. árstekjum
- c. Annarsstaðar á landinu undir 240 kr. kaup á mánuði eða sem svarar 2880 kr. árstekjum.

3. gr.

Til fastráðinna fjölskyldumanna teljast þeir, sem hafa fasta atvinnu, hvernig sem ráðningu eða kaupgreiðslu er hagað og hafa fyrir heimili að sjá, konu, börnum eða öðru vandafólki, þannig að þeir halda heimili vegna þeirra eða greiða meðlag með þeim, sem nemur meiru en hálfum ómagafrádrætti til skatts.

4. gr.

Félagsmálaráðherra úrskurðar ágreining út af framkvæmd þessarar reglugerðar.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum frá 4. apríl 1939 um gengisskráningu og ráðstafanir í því sambandi.

Félagsmálaráðuneytið, 14. júní 1939.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Páll Pálmason.